



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2015

FÉLA3MP05 Mannfræði og þróun

| | | | |
|-----------------|------------------------------|---------------|------------|
| Kennari: | Eyrún B. Magnúsdóttir | Sk.st. | EBM |
|-----------------|------------------------------|---------------|------------|

Áfangalýsing:

Fyrri hluti áfangans beinist að menningar og líkamsmannfræði og nemendur kynnst rannsóknaraðferðum og helstu umfjöllunarefnum mannfraeðinga. Nemendur fá innsýn í þrímatafræði, fornmannfræði, erfðamannfræði og réttarmannfræði. Seinni hluti áfangans beinist að félagsfræði þróunarlanda og samanburði við vesturlönd. Nemendur kynnst kenningum er tengjast tvískiptingu heimsins og þróunareinkennum mismunandi landa.

Undanfari: FÉLA2KR05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Rannsóknnum erlendra og íslenskra mannfraeðinga,
- hugtökum mannfraeðinnar,
- nokkrum fjarlægum og nálægum menningarheimum,
- hugtökunum þróunarlönd, vanþróuð lönd, þriðji heimurinn og suðrið,
- breytingum sem hafa orðið á stöðu þróunarlanda síðustu ár og áratugi út frá kenningum,
- mismunandi tegundum og áhrifum þróunaraðstoðar,
- margbreytileika samfélaga heims og fólksfjölgun.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Að leggja gagnrýnið mat á þróunarhugtakið,
- að beita aðferðarfræði mannfraeðinga,
- að skoða samfélög í gegnum kenningarglæraugu mannfraeðinnar,
- að afla upplýsinga, greina þær og setja í fræðilegt samhengi,
- að miðla skýrt og skilmerkilega fræðilegu efni í ræðu og riti,
- að leggja mat á kenningar og hugmyndir er snúa að orsökum vanþróunar og fólksfjölgunar,
- að lýsa þróun mannsins og samfélaga út frá kenningum.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna úr rannsóknargögnum og leggja á þau gagnrýnið mat,
- sýna frumkvæði í vinnu og verkefnalausnum,
- meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt,
- meta upplýsingar um mannfraeði og þróun á gagnrýnin hátt,
- vera meðvitaður um mismunandi aðstæður fólks og möguleika til að bregðast við því.

Námsefni:

Ljósrit, efni af Interneti, menntaferð, annað frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

| Vika nr | Dagsetning | Námsefni - viðfangsefni | Próf og verkefni |
|---------|-------------------|--|---|
| 34 | 17. – 21. ágúst | Kynning á áfanganum – skipulag menntaferðar. | |
| 35 | 24. – 28. ágúst | Upphaf mannfræði – menning og saga. | Saga- tímaás. 7%. |
| 36 | 31. ág.- 4. sept | Sjónarhorn innan mannfræði; líkams-, Prímata-, forn-, erfða- og réttarmannfræði. | |
| 37 | 7. – 11. sept | Útbreiðsla menningar útfrá mannfræði. | Menning samfélag. 8% |
| 38 - 39 | 14. – 25. sept | Menningarkimar og menningarbundnir sjúkdómar. | Sjúkdómar og hópar. 12% |
| 40 | 28. sept – 2. okt | Snaud lönd vs. rík lönd. Þróun og vanþróun. | Kortlagning. 5% |
| 41-42 | 5. – 16. okt | Grikkland. Er það þróunarland, hvers vegna og hvernig? Tenging við mannfræði, menning, þróun, tímabil? Merkir staðir og uppgötvanir. | Hópverkefni vegna ferðar sbr. viðfangsefni. 25% |
| 43 | 19. – 23. okt | Unnið úr menntaferð. Hvað stóðst af væntingum, hvað var nýtt? | Umræða um stöðu Grikklands og framhald varðandi þróun. |
| 44 | 26. – 30. okt | Þriðji heimurinn, viðhorf og hindranir. | Viðhorf fjölmiðla. 5% |
| 45 | 2. – 6. nóv | Fólksfjölgun, fátækt og fólksflutningar, þróunarsamvinna. | Áhrif fátæktar á fólksflutninga og þróunarsamvinnu. 11% |
| 46 | 9. – 13. nóv | Heimsvaldastefna/nýlendustefna, áhrif á þriðja heim. | Afleiðingar heimsvaldastefnu. 10% |
| 47-48 | 16. – 27. nóv | Neysla, þróun og menning. | Neysluverkefni. 10% |
| 49 | 30. nóv – 4. des | Uprifjun og samantekt. | |

Sérreglur áfangans:

Gerð er krafa um 100% skilaskyldu. Ef nemandi getur ekki skilað verkefni vegna óviðráðanlegra orsaka skal hann tala við kennara um leið og það er ljóst. Síðasta vika annarinnar getur verið notuð til að vinna það upp með sérverkefnum. Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans. Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, í samráði við kennara.

Fyrirkomulag námsmats:

| Námsþáttur | Lýsing á námsmati | Vægi |
|----------------------|-------------------------------------|------|
| Einstaklingsverkefni | Átta einstaklings/paraverkefni. | 65% |
| Hópverkefni | Hópverkefni tengt menntaferð. | 25% |
| Þátttaka | Þátttaka í tímum, umræða og virkni. | 10% |

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.